



# „Ég mála með sólinni“

● Ásmundarsafn opnað að nýju eftir breytingar með sýningunni „Ef lýsa ætti myrkva“ þar sem Sirra Sigrún Sigurðardóttir á í sjónrænu samtali við verk og byggingar Ásmundar ● Litríkt sólúr í salinn


Einar Falur Ingólfsson  
efi@mbl.is

*Ef lýsa ætti myrkva* er heiti sýningar sem verður opin í Ásmundarsafni við Sigtún frá og með deginum í dag. Með sýningunni verður safnið vinsæla, sem reist var í kringum verk, heimili og vinnustofu Ásmundar Sveinssonar (1893–1982), opnað að nýju eftir talsverðar breytingar. Á sýningunni nýtir Sirra Sigrún umfangsmesta skúlptúr Ásmundar, kúluhúsið og skeifulaga skemmuna að baki þess, og notar speglaða geisla sólarinnar til að búa til risavaxna teikningu í formi sólúrs. Ný verk Sirru eiga í samtali við valin verk eftir Ásmund og, eins og segir í lýsingu á sýningunni, kinka þau „kollu til hugmyndaheims hans og einlægs áhuga á tækni og vísindum“. Verk Sirru, sem er fædd 1977, eru sögð kosmísk í eðli sínu og tengjast gjarnan vangaveltum um stöðu okkar í gangverki náttúrunnar, eðlisfræðinnar og þeirra afla sem halda heiminum gangandi. Sýningarstjóri er Ingibjörg Sigurjónsdóttir.

## Ótrúlega skemmtileg áskorun

„Ég byrjaði á að fara í skjalasafn safnsins, þar sem eru til dæmis geymdar ljósmyndir, bréf og annað,“ segir Sirra þegar spurt er hvernig hún hafi ákveðið að tengja verk þeirra Ásmundar saman. „Svo las ég aftur bækur og ýmislegt sem tengist Ásmundi og list hans, sem var mjög skemmtilegt. Í þessu grúski rakst ég til dæmis á kort sem hann hefur gert í skissubók á ferðalagi um Grikkland, og póstkort sem hann hefur eignast á því ferðalagi, og það urðu kveikjur fyrir mig og í framhaldinu tengingar að byggingunni hér. Það er talað um að við hönnun þessa sérstaka húss hafi hann notað hugmyndir frá Grikklandsferðinni. Ég hafði verið að þvælast þar á svipuðum slóðum – 90 árum á eftir Ásmundi. Ég fann ýmsa þræði á milli okkar.“

Sirra kaus að skoða byggingar Ásmundar sérstaklega sem skúlptúr



Morgunblaðið/Einar Falur

**Skaparinn** „Þetta er allt sama verkið sem teygir sig um rýmið,“ segir Sirra Sigrún um marglaga samtalið í salnum.

og fara í sínum verkum í samtali við það rými. „Ég kaus að nota bogann sem bogaskemman myndar hér og breyta því í sólúr,“ segir hún.

Hvernig fer hún að því?

„Parna uppi á þakinu er hringlaga spegill sem er tölvustýrður; hann fylgir sólinni eftir á hverjum tíma og

þegar sólin skín þá beinir spegillinn sólargeislanum á langvegginn í bogasalnum.“ Og þá ferðast sólarblettur rangsælis eftir veggnum.

Þar inni í salnum, rétt eins og í tengibygggingunni, eru sýnd verk eftir Ásmund sem Sirra og sýningarstjórinn Ingibjörg hafa valið inn í

það samtali en sum verka hans sitja nú á litríkum stöplum.

Á hina stóru glugga í skeifulaga sýningarsalnum hefur Sirra líka dregið upp litríkar teikningar, með sólarformum og línur. „Teikningin er í raun gagnvirk með sólinni sem er varpað gegnum hana frá morgni

til kvölds,“ segir hún. En er í teikningunni einhvers konar formrænt samtali Sirru við verk Ásmundar?

„Ekki beinlínis en ég hef verið að skoða alls kyns útgáfur af sólúrum, þau geta verið mjög fjölbreytileg þó að í þeim sé verið að kortleggja hreyfingu skuggans. Þessi stóra teikning er abstrakt sólúr, sem vísar í hugmyndir um sólúr.“

Var ekki skemmtileg áskorun að takast á við þetta sögulega rými?

„Það er jú ótrúlega skemmtileg áskorun. Þetta er mjög óvenjulegt og fallega úthugað af Ásmundi,“ svarar hún. Meðan við spjöllum eru aðstoðarmenn Sirru að draga litríkar lóðréttar línur á langvegg salarins og segir hún þær marka hverjar fimm mínútur á ferð sólargeislans eftir veggnum. „Þetta er allt sama verkið sem teygir sig um rýmið,“ segir hún og bendir á gluggateikninguna, litríka fletina sem hún varpar um salinn og línurnar sem mynda sólúrið á langveggnum. Hvað varðar verk Ásmundar á sýningunni segir hún þær Ingibjörgu hafa valið verk sem þeim finnst tengjast til að mynda þessum hugmyndum um sólarganginn. „Mörg eru frá sjötta og sjöunda áratugnum, þegar Ásmundur fór alveg yfir í abstrakt, þótt önnur eldri séu líka með. Ásmundur var svo forvitinn um heiminn og um vísindi og það speglast fallega í verkunum hans.“

Í tengibygggingunni hafa verið settar upp geómetrískar teikningar eftir Ásmund sem Sirra segir ekki hafa verið sýndar áður. Þar er líka röð teikninga Sirru sem hún gerði í Kína fyrir tveimur árum en hún segir þær hafa „smellpassað inn í allar hugmyndirnar um þessa sýningu“. Á þeim má sjá kleinhúring með bleikum glassúr breytast í kosmísk form. „Við að skera hlut upp með þessum hætti birtist eitthvað sem er falíð í forminu,“ segir Sirra um verkin.

„Ég nota mikið lit en í verkum Ásmundar sést varla litur. Mér fannst áhugavert að sjá um litinn í samtali okkar. Ég mála með sólinni,“ segir hún að lokum.